

## **248. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 10. nóvember 2006.**

Ingí Rúnar Eðvarðsson varaforseti háskólaráðs setti fund kl. 12:00.

Mættir voru auk hans:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra var á símafundi til kl. 13:45

Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda

Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara

Fjarverandi:

Þorsteinn Gunnarsson rektor

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors

Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála

Gestir:

Hermann Óskarsson deildarforseti heilbrigðisdeildar

Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs

Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður fasteigna og rekstrar

Ingí Rúnar kynnti dagskrá.

### **1. Fundargerð 247. fundar**

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

### **2. Rekstraryfirlit janúar – október 2006**

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar - október. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er 838,28 m.kr., sem er 86,10% af áætlun ársins, þar af 500,05 m.kr. vegna kennsludeilda. Reksturinn er 3% yfir áætlun en Úlfar sagði að ófærðar væru tekjur og sagðist reikna með að niðurstaða ársins ætti að geta verið í kringum núllið.

### **3. Frumvarp til fjárlaga**

Úlfar gerði grein fyrir því sem að háskólanum snýr í Fjárlagafrumvarpi 2007 og Fjáraukalögum fyrir 2006. Heildarfjárveiting til háskólans fyrir árið 2007 er 1016,0 mkr. Fjárlaganefnd Alþingis boðaði til fundar í morgun og fóru Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri og Guðmundur Heiðar Frímannsson staðgengill rektors á fundinn.

### **4. Drög að rekstraráætlun 2007**

Lögð voru fram drög að rekstraráætlun. Niðurstaða sýnir 75,0 mkr. halla og sagði Úlfar vandséð hvernig hægt væri að koma áætlun á núllið öðruvísni en með lokun eininga. Þegar endanleg niðurstaða fjárlaga liggur fyrir verður gengið frá áætlun miðað við hallalausan rekstur.

Ólafur Búi Gunnlaugsson kom inn á fund og gerði grein fyrir áætlunum um fjórða áfanga nýbygginga háskólans. Hönnun er lokið og framkvæmdir gætu hafist strax að loknu útboði. Beiðni um fjárveitingar hefur verið lögð fyrir menntamálaráðherra.

### **5. Stofnanasamningar**

Lagður var fram til kynningar og staðfestingar stofnanasamningur milli háskólans og FHA sem undirritaður var 28. september sl. Úlfar gerði grein fyrir meginatriðum hans. Háskólaráð staðfesti samninginn.

### **6. Erindi frá Kjararáði**

Fyrir fundinum lá bréf frá Kjararáði, dags. 11. október sl., þar sem óskað er eftir greinargerð frá háskólaráði um hvort Kjararáð skuli áfram ákveða laun og starfskjör prófessora. Lögð var fram tillaga frá Guðmundi Heiðari Frímannssyni staðgengili rektors að svari til Kjararáðs. Í bréfinu er ekki tekin afstaða til þess hvort skynsamlegra sé fyrir kjör prófessora að þeir semji um laun sín á svipuðum forsendum og flestir aðrir launbegar eða heyri undir Kjararáð en bent er m.a. á að út frá starfsöryggi háskólans sé ljóst að betra væri að prófessorar heyrðu undir Kjararáð. Einnig er lögð áhersla á það að gæðastaðli, sem varð til vegna stigamatskerfis og ritlaunasjóði tengdum því, verði ekki kastað fyrir róða. Kjararáð er hvatt til að hafa heildarhagsmuni háskólastigsins í huga við ákvörðun sína.

Bréfið var samþykkt.

HSB

TRE

AB

## **7. Fjöldatakmarkanir í hjúkrunarfræði**

Hermann gerði grein fyrir beiðni heilbrigðisdeildar um að fjölgað verði um 10 nemendur í hjúkrunarfræði á vorönn 2007 til viðbótar þeim 38 sem áður var búið að ákveða að teknir yrðu inn eftir samkeppnispróf í desember nk. Háskólaráð samþykkti beiðnina enda fáist til þess fjármagn og er þá vísað til fréttatilkynningar í vefriti menntamálaráðuneytis þar sem fram kemur að mennta- og fjármálaráðuneyti muni leggja til við aðra umræðu um frumvarp til fjárlaga að fjölgað verði um 10 nemendur á ári í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri.

## **8. Skýrsla starfsnámsnefndar**

Laufey Petrea Magnúsdóttir kynnti meginatriði í skýrslu starfsnámsnefndar sem unnin var á vegum menntamálaráðuneytis. Skýrslan var kynnt fulltrúum í háskólanum í síðasta mánuði.

## **9. Málefni nemenda**

Fyrir fundinum lágu tvö erindi frá Hjálmarí.

Annars vegar var um að ræða fyrirspurn um reglur og eftirfylgni varðandi skil kennara á verkefnum og bókalistum. Laufey Petrea sagði prófareglur skýrar hvað varðar skil á einkunnum úr prófum þó því miður kæmi fyrir að ekki væri farið eftir þeim. Aftur á móti væru ekki til reglur hvað varðar skil á einkunnum úr verkefnum og væri það mjög bagalegt t.d. í félagsvínsinda- og lagadeild sem byggir námskeið sín á símatí. Háskólaráð ákvað að fela kennslusviði að afla upplýsinga um skil á einkunnum vegna prófa og verkefna á þessari önn. Sömuleiðis að gera stöðumat á skilum á bókalistum en þeim átti að vera búið að skila þann 1. nóvember sl.

Hins vegar lagði Hjálmar fram fyrirspurn um stöðu sameiningar kennaradeilda og félagsvínsinda- og lagadeilda. Sagði hann nemendur uggandi og nauðsynlegt væri að kynna þeim stöðu mála og sjónarmið yfirstjórnar. Hann vildi einnig leggja áherslu á að sú reynsla sem fengist hefur við sameingu auðlinda-, upplýsingatækni- og viðskiptadeilda verði skoðuð sérstaklega. Laufey Petrea, sem situr í nefndinni sem er að skoða kosti þess að sameina deildirnar, greindi frá vinnu nefndarinnar. Fram kom að haldnir hafa verið fundir með nemendum, brautarstjórum og öðrum starfsmönnum deildanna.

## **10. Álit kærunefndar jafnréttismála**

Ingí Rúnar gerði grein fyrir kærumáli á hendur háskólanum vegna ráðningar í stöðu lektors við félagsvínsinda- og lagadeild. Kærandi sem sótti einnig um stöðuna taldi að háskólinn hefði brotið lög nr. 96/200 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Niðurstaða kærunefndar jafnréttismála liggur fyrir og er sú að ekki hafi verið brotið gegn umræddum lögum í þessu máli.

## **11. Samningur við FSHA**

Háskólaráð staðfesti samning milli háskólans og FSHA, dags. 26. september sl.

## **12. Skipanir í stjórnir og nefndir**

Háskólaráð samþykkti tillögu Guðmundar H. Frímannssonar staðgengils rektors um skipun Bryndísar Elfu Valdimarsdóttur kynningarstjóra í stjórn Verkefnasjóðs um styrk Akureyrarbæjar til HA.

Háskólaráð samþykkti tillögu Guðmundar H. Frímannssonar um að tilnefna Ágúst Þór Árnason verkefnastjóra sem varafulltrúa háskólans í stjórn Góðvina HA.

Háskólaráð samþykkti tillögu Guðmundar H. Frímannssonar um að eftirtaldir verði skipaðir í nefnd vegna 20 ára afmælis háskólans á næsta ári: Ása Guðmundardóttir skrifstofustjóri, Hermann Óskarsson deildarforseti og jafnframta formaður, Hildur Sólveig Elvarsdóttir nemandi, Jóna Jónsdóttir forstöðumaður, Jónína Guðmundsdóttir fv. nemandi, Markus Meckl lektor og Rósa Júlíusdóttir lektor.

Háskólaráð samþykkti tillögu varaforseta háskólaráðs um að eftirtaldir verði skipaðir í stjórn rannsóknasjóðs HA: Elísabet Hjörleifsdóttir lektor, Halldóra Haraldsdóttir lektor, Hermundur Sigmundsson prófessor, Hjörleifur Einarsson prófessor og Sigrún Stefánsdóttir forstöðumaður RÚVAK, jafnframta formaður stjórnar.

HSB  
IRE  
BH

**13. Önnur mál**

13.1 Háskólaráð samþykkti tillögu Inga Rúnars um að beina því til rektors að gerðar verði reglur um gistikennara við háskólann.

13.2 Ingibjörg benti á að í jafnréttisáætlun HA er kveðið á um að áætlunin skuli endurskoðuð á tveggja ára fresti. Hún lagði til að utanaðkomandi aðili væri fenginn til að gera drög að nýrri áætlun. Málinu var frestað til næsta fundar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:50

Ingibjörg Blaðadóttir  
Hjálmar S. Brynjólfsson  
Ingi Rímað Edvarsson  
Þ. G. Þorsteinsson